

Fjármálaeftirlitið
B.t. Jóns Andra Sigurðarsonar/
Valdimars Gunnars Hjartarsonar
Höfðatún 2
105 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2012

Efni: Umræðuskjal vegna leiðbeinandi tilmæla FME um rekstur upplýsingatæknikerfa

Fjármálaeftirlitið (FME) kynnti til umsagnar með dreifibréfi dags. 7. maí 2012 drög að uppfærslu leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2005, um rekstur upplýsingatæknikerfa.

LL fagnar endurskoðun tilmælanna og telur að margt sem fram komi í hinum nýju drögum sé mjög til bóta og geti aukið öryggi reksturs viðkvæmra og viðamikilla kerfa. Þar sem drögin eru umfangsmikil og um er að ræða nokkrar breytingar frá fyrri útgáfu, er lagt til að stofnuð verði sérstök samráðsnefnd, þar sem hagsmunaaðilar sem bera ábyrgð á rekstri eftirlitsskyldra kerfa, geti átt fulltrúa. Samráðnefndinni væri ætlað að fara yfir drögin og leggja til endurbætur og lagfæringar eftir atvikum.

Hvað drögin varðar, þá eru nokkur atriði sem LL leggur til að verði skoðuð nánar. Sér í lagi er talið að sú aðferðafræði sem tilmælin leggja til við þróun og viðhald kerfa geti í sumum tilvikum verið óþarflega ítarleg og leggjum því til að gefinn sé kostur á útfærslu verkagsreglna er heimila einfaldari uppfærslu kerfis m.t.t. neyðarsjónamiða og/eða mjög smávægilegra breytinga (sjá kafla 7, t.d. grein 7.2).

Í 8. grein mætti skýra betur hvort fullnægjandi sé að tilkynningar um minniháttar rekstrarstöðvanir sem vara í skamman tíma eða utan hefðbundins þjónustutíma, berist árlega.

Hvað varðar grein 9.3, þá má íhuga hvort tilmæli um hljóðritun símtala er innihalda viðskiptaupplýsingar, eigi heima í tilmælum um rekstur upplýsingatæknikerfa.


Jafnframt telur LL æskilegt að endurskoða þá þætti í drögum þar sem mælt er til að eftirlitsskyldir aðilar, keðjuútvisti ekki rekstri eða rekstrarþáttum (sjá kafla 11, t.d. greinar 11.4 og 11.5). Í sumum tilvikum hafa aðilar gert samning um rekstur og hýsingu kerfis hjá þriðja aðila og heimilað þeim aðila að hýsa kerfis sjálft í vélarsal og/eða húsnæði annars aðila sem sérhæfir sig í slíkum rekstri. Oft er um að ræða aðila sem eru vottaðir m.t.t. staðla sem FME vísar í, t.d. ISO 27001 og færa má rök að því að slík hýsing geti aukið öryggi rekstursins í heild sinni. Bent er á að í staðlinum ÍST 32¹, sem margir aðilar vísa í þegar verksamningar á sviði UT eru gerðir, er gert ráð fyrir undirverktöku, svo fremi sem verkkaupi staðfestir og heimili slíkar aðgerðir.

¹ Sjá t.d. kafla 10, greinar 10.1.1 og 10.1.2 í staðlinum ÍST 32:útg.2 1995

Í ljósi ofangreinds, telur LL að það geti verið góður kostur að fela öflugum samráðshópi að fara nánar yfir fyrirnefnd drög og skila hugmyndum að breytingum. Slíkt geti leitt til betri verklagsreglna og ennþá betri reksturs þessara mikilvægu kerfa.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri